

Málsnr.: 20210011
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

3. MAR. 2021

Málalýkill: 40.1



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Mosfellsbær
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
Bt. Anna Margrét Tómasdóttir

Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 1. mars 2021
MÍ202102-0042/ 6.10 / 5221

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Hamrabrekkur 1 - Umsögn vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar - Grenndarkynning

Með tölvupósti dagsett 8. febrúar 2021 óskaði skipulags- og byggingarfulltrúi Mosfellsbæjar eftir umsögn um byggingarreit fyrir frístundarhús á lóðinni Hamrabrekkur 1, L124648. Deiliskipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir. Með erindinu fylgdu aðaluppdrættir með afstöðumynd unnin af kaa, Kjartan Arnason arkitekt dagsett 3. febrúar 2021. Byggingarreiturinn var skoðaður á vettvangi þann 11. febrúar 2021. Á svæðinu voru óljós ummerki um mannvirki og þar sem snjór var yfir öllu svæðinu var ákveðið að skoða byggingareitinn aftur 23. febrúar 2021. Í þeirri ferð sáust greinilegri ummerki um mannvirki. Engar þekktar fornleifar eru skráðar á svæðinu og eftir fyrirspurn til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar 24. febrúar 2021, um hvort einhverjar framkvæmdir hafi verið á svæðinu síðustu ca. 50-70 árin, er ljóst að fyrir aldarmót var unnið rask í minni efnistöku á lóð nr. 7 (L124654) á móti lóð nr. 1 (L124648). Á loftmynd frá 1996 sést að um er að ræða gamlan vegslóða inn á svæðið frá Nesjavallavegi sem skv. skipulagsfulltrúa var breytt í aðdraganda uppbyggingu á svæðinu. Raksið virðist því vera beintengt efnisraski og aðkomu.

Byggingarreiturinn var skoðaður á vettvangi, engar þekktar fornleifar eru á byggingarreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrenni
henny@minjastofnun.is

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrenni

Afrit sent:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Anna Margrét Tómasdóttir (annamargret@mos.is)